

Ársskýrsla **2025**

Faxaflóahafna



EFNISYFIRLIT

	bls.
Ávarp hafnarstjóra	5
Ávarp stjórnarformanns	6 - 7
Stjórn	8 - 9
100 ára hafnarsaga	10 - 11
Faxaflóahafnir í hnotskurn	12
Áfangar ársins 2025	14 - 15
Framkvæmdir ársins 2025	16 - 17
Farþegamiðstöð	18 - 19
Öruggar hafnir	20 - 21
Orkumál	22 - 23
Umhverfismál	24 - 25
Ársreikningur	27 - 43





Ávarp

hafnarstjóra

Árið 2025 var farsælt hjá okkur hjá Faxaflóahöfnum. Eitt minniháttar fjarveruslys var skráð á árinu og tvö minniháttar skyndihjálparslys. Tekjur ársins námu 6.978 mkr., sem er 7% umfram áætlun, og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) nam 2.486 mkr.

Á árinu var tekið í notkun endurbætt farmsvæði á Grundartanga þar sem vörur Norðuráls og Elkem eru geymdar í gámum og fletum áður en þeim er skipað út. Breytingin er bæði góð og tímabær, en þörfin fyrir bætta aðstöðu jókst þegar Norðurál hóf að framleiða verðmætari og viðkvæmari vöru en áður. Hinsvegar urðu áföll í rekstri Norðuráls seinnipart árs þegar tveir spennar skemmdust og kerskáli 2 stöðvaðist alfarið. Stöðvunin hefur áhrif á vörumagn um Grundartangahöfn og tekjur hennar. Norðurál vonast til að uppkeyrsla skálans hafist um mitt ár 2026.

Áfram var haldið með tvær stærstu fjárfestingar félagsins; uppbyggingu farþegamiðstöðvar við Skarfabakka og lengingu aðalhafnagarðs á Akranesi. Verða þær báðar teknar í notkun á líðandi ári.

Undirbúningur við lengingu Sundabakka hófst á árinu. Félagið gerði tillögur til breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkuborgar sem m.a. auðveldi



viðbrögð við lagningu Sundabrautar í þeirri mynd sem leiddi af sér skerta hafnastarfsemi innan mögulegrar brúar.

Alþingi samþykkti rétt fyrir áramót að lækka innviðagjald sem áður hafði verið lagt á skemmtiferðaskip og jafnframt að viðhalda því tollfrelsi sem s.k. hringsiglingaskip hafa búið við. Þetta var jákvæð breyting og vísbendingar eru um að bókanir skipafélaga muni taka við sér, en þó er ljóst að fyrri breytingar á skattaumhverfinu munu hafa fækkun skipa í för með sér á komandi sumri, og sér í lagi sumarið 2027.

Umfang sjávarútvegs í höfnum Faxaflóahafna hélst nokkuð stöðugt frá fyrra ári, þó var engri loðnu landað á Akranesi.

Gunnar Tryggvason
hafnarstjóri



Ávarp stjórnarformanns

Eins og undanfarin ár skila Faxaflóahafnir af sér traustum rekstri og góðu búi. Faxaflóahafnir eru mikilvægt innviðafélag og góður rekstur þess hefur margvísleg jákvæð áhrif langt út fyrir athafnasvæði hafnanna. Bæði stjórn og starfsfólk Faxaflóahafna hefur verið samstillt í verkefnum hafnanna og lagt sig fram við að rækja hlutverk sitt af alúð og þekkingu. Faxaflóahafnir starfa í síbreytilegu umhverfi þó starfsemin kunni að vera íhaldssöm



í eðli sínu. Félagið þarf að búa yfir seiglu og aðlögunarhæfni og stjórn og starfsfólk þarf að fylgjast grannt með þróun mála hérlendis og erlendis. Framsýni ásamt ráðdeild og útsjónarsemi er mikilvæg þegar tekist er á við hvers kyns breytingar og uppbyggingu félagsins.

Það er eðli hafnarstarfsemi að hún breytist. Hafnir eru ekki kyrrstæðir punktar í borgarskipulagi heldur lifandi kerfi sem þróast í takt við samfélag, tíðaranda og tæknibreytingar. Einni slíkri breytingu fékk stjórn félagsins og starfsfólk tækifæri til að kynnst þegar farið var til Kaupmannahafnar og Árósa í fyrra. Þar er verið að gerbreyta hafnarsvæðum og gömlu iðnaðarhafnirnar víkja fyrir íbúabyggð, menningu og mannlífi. Þróunina sjáum við víða í kringum

okkur og Reykjavíkurhöfn á ekki eftir að fara varhluta af þessari þróun. Brátt kemur að því að það þurfi að setjast að teikniborðinu og ákveða í hvaða átt Reykjavíkurhöfn þróast, meðal annars í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda við Sundabraut. Þá er gott að geta skoðað hvernig aðrar borgir hafa farið að, svo sem Rotterdam og Hamborg en nærtækast væri þó að líta til Óslóar og Kaupmannahafnar. Breyting hafnasvæða þarfnast góðs undirbúnings. Svo vel takist til þurfa margir ólíkir aðilar að koma að verkefninu frá upphafi til enda. Þá þarf ávallt að hafa í huga að þó ný tækifæri skapist með breytingum á staðsetningu og starfsemi Reykjavíkurhafnar þá megum við aldrei fórnlausa slagkrafti hafnarinnar sem efnahagslegri og umhverfisvænni driffjöður Reykjavíkurborgar.

Það eru spennandi tímar framundan. Verkefni Faxaflóahafna verður hins vegar ávallt að halda styrkum rekstri félagsins áfram með þau leiðarljós sem félagið og stjórn hefur sett sér og geta aðlagast að nýjum tímum sem senn renna upp.

Líf Magneudóttir

stjórnarformaður Faxaflóahafna



Stjórn Faxaflóahafna

**Stjórn Faxaflóahafna er kosin samkvæmt sameignarfélags-
samningi fyrir Faxaflóahafnir. Hafnarstjórn Faxaflóahafna sf. er
skipuð eftirfarandi, frá apríl 2025:**



Fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

Aðalmenn:

Líf Magneudóttir, formaður
Hildur Björnsdóttir
Már Másson
Ragnheiður H. Magnúsdóttir

Varamenn:

Sanna Magdalena Mörtudóttir
Friðjón Friðjónsson
Íris Baldursdóttir
Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir

Fyrir hönd Hvalfjarðarsveitar:

Aðalmaður:

Helga Harðardóttir

Varamaður:

Andrea Ýr Arnarsdóttir

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar:

Aðalmaður:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson

Varamaður:

Ragnar B. Sæmundsson

Sameiginlegur fulltrúi Borgarbyggðar og Skorradalshrepps:

Aðalmaður

Páll Brynjarsson

Varamaður

Guðjón H. Guðmundsson

100 ára hafnarsaga

Áður en símstrengir og flugvélar komu til sögunnar voru skip tengiliður Íslands við umheiminn. Vörur, fólk og fréttir komu sjóleiðina til landsins.

Frá því höfnin varð til hefur hún verið þungamiðja atvinnulífs í Reykjavík og mæla mátti efnahagsástand þjóðfélagsins eftir ysinum við höfnina.

Með tímanum hefur hlutverk hafnarinnar lítið breyst, þó allt sé nú stærra í sniðum. Saga hafnar er saga bæjar í borg, saga þróunar, uppbyggingar og aukinna lífsgæða.

Faxaflóahafnir eru afsprengi þessarar arfleifðar og byggja á 100 ára hafnarsögu. Þar sem reynsla, þekking og samvinna hafa spilað lykilþátt í þróun og uppbyggingu innviða.

Í dag leggjum við okkur fram um að reka öruggar, grænar og skilvirkar hafnir sem gegna fjölbreyttum hlutverkum á sviði sjávarútvegs, verslunar, vöruflutninga, afþreyingar og menningar.

Þannig hafa hafnir á Faxaflóasvæðinu ávallt þróast í takt við þarfir samfélagsins, með það að markmiði að auka lífsgæði á Íslandi.



Sýn

Við aukum lífsgæði á Íslandi.

Hlutverk

Við rekum öruggar, grænar og skilvirkar hafnir og tengjum stærsta markaðs- og atvinnusvæði Íslands við umheiminn og miðin.

Loforð

Við þróumst í takt við þarfir samfélagsins, atvinnulífsins og umhverfisins.

Faxaflóahafnir í hnotskurn - lykiltölur 2025

01.	LÓÐIR	HÚSEIGNIR	STÖÐUGILDI		
Fyrirtækið	3.238.000 m ²	24.697 m ²	81		
02.	LANDAÐUR AFLI	FARMUR			
Flutningar	76.883 tonn	420.376 gámaeiningar (TEU)			
03.	KOMUR	FARÞEGAR			
Farþegaflutningar	240	330.311			
04.	KOMUR				
Skipakomur	1.398				
	Skipting tekna				
05.	FISKUR	FÓLK	EIGNATEKJUR	ÖNNUR SKIP	FARMUR
Heildartekjur	467 m.kr	1.838 m.kr	1.436 m.kr	510 m.kr	2.728 m.kr
6.979 m.kr					



Áfangar á árinu 2025

Áhersla á sjálfbærni í nýrri stefnu um skemmtiferðaskip

Reykjavík hefur sett skýra stefnu til 2030 um móttöku skemmtiferðaskipa þar sem sjálfbærni er í forgrunni. Markmiðið er að halda fjölda skipa stöðugum en auka verðmæti heimsóknna með aukningu skiptifarþega. Stefnan var unnin fyrir Reykjavíkurborg í samstarfi við Faxaflóahafnir og Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Faxaflóahafnir stærstar í botnfiski

Faxaflóahafnir voru stærstar á Íslandi í löndun botnfisks á síðasta ári með 65.666 tonn, um 15% af heildarafla landsins. Aflinn jókst frá 2023, meðal annars vegna góðrar dragnótaveiði í Faxaflóa. Á sama tíma dróst uppsjávarafli saman vegna loðnubrests.

Snjallvæðing rafmagns- og vatns- afgreiðslu á Austurbakka

Faxaflóahafnir hafa sett upp þrjár snjallar sjálfsafgreiðslustöðvar á Austurbakka í Gömlu höfninni í Reykjavík sem veita bátum rafmagn og heitt og kalt vatn allan sólarhringinn. Nýja kerfið gerir notendum kleift að panta og fylgjast með notkun í snjallforriti, sem eykur skilvirkni og þjónustu.

Ný farþegamiðstöð á Skarfabakka tekur á sig mynd

Framkvæmdir við nýja farþegamiðstöð á Skarfabakka ganga vel og eru að mestu á áætlun. Húsið mun bæta aðstöðu og þjónustu við farþega skemmtiferðaskipa í Reykjavík. Áætlað er að framkvæmdum ljúki í mars 2026, áður en vertíð skemmtiferðaskipa hefst.

FEBRÚAR

MAI

Syndandi „ruslsuga“ í Suðurbugt

Faxaflóahafnir tóku í notkun fljótandi „ruslsuga“ í Suðurbugt sem sagnar upp yfirborðsrusl, olíubræk og grút úr sjónum. Búnaðurinn hjálpar til við að halda höfninni hreinni allan sólarhringinn og er hluti af tilraunaverkefni til að bæta umhverfi hafnarsvæðisins.

Faxaflóahafnir í stjórn Cruise Europe

Gísli Jóhann Hallsson, yfirhafnsögu- maður Faxaflóahafna, var kjörinn í stjórn samtakanna Cruise Europe á ársráðstefnu þeirra í Kaupmannahöfn. Hann mun sitja í stjórn fyrir hönd hafna á Íslandi, Noregi og Færeyjum í samtökum sem sameina yfir 140 hafnir og áfangastaði í Evrópu.

JÚNÍ

Faxaflóahafnir og SnerpaPower í samstarf

Faxaflóahafnir hafa gert samstarfs- samning við íslenska orkutækni- fyrirtækið SnerpaPower um hug- búnaðarlausn sem styður rafvæðingu hafnarinnar. Kerfið mun hjálpa til við að spá fyrir um raforkunotkun, bæta orkunýtingu og undirbúa stærra land- tengingar skipa við rafmagn.

MARS

JÚLÍ

Fyrsta landtenging herskips í Reykjavíkurbakka

Danska eftirlitsskipið Vædderen F359 tengdist rafmagn við Faxagarð í Reykjavíkurbakka og er það í fyrsta sinn sem herskip nýtir land- tengingu hjá Faxaflóahöfnum. Þetta markar tímamót og styður markmið hafnarinnar um að fleiri skip geti tengst landrafmagn.

Ráðherra kynnti sér starfsemi Faxaflóahafna

Eyjólfur Ármannsson, innviðaráðherra, heimsótti höfuðstöðvar Faxaflóahafna í Hafnarhúsinu og kynnti sér starfsemi fyrirtækisins. Á fundinum var farið yfir hlutverk hafnanna sem tengipunktur Íslands við umheiminn og áherslu þeirra á öruggar, grænar og sjálfbærar hafnir.

OKTÓBER

Metfjöldi farþega um hafnir Faxaflóahafna árið 2025

Metfjöldi, yfir 330.000 farþegar, fóru um hafnir Faxaflóahafna árið 2025. Skiptifarþegum fjölgaði sérstaklega og náði fjöldi þeirra sögulegu hámarki. Faxaflóahafnir hafa lagt aukna áherslu á þennan hóp þar sem hann dvelur lengur á landinu og skapar meiri verðmæti fyrir íslenskt efnahagslíf.

NOVEMBER

DESEMBER

Faxaflóahafnir ganga til liðs við Evrópsku samtökin um landtengingu raforku (EOPSA)

Faxaflóahafnir hafa gengið til liðs við European Onshore Power Supply Association (EOPSA) til að efla notkun landtengingar rafmagns í höfnum. Aðildin styrkir alþjóðlegt samstarf, miðlun þekkingar og þróun snjallra og sjálfbærra hafna með aukinni rafvæðingu.

Nýtt samstarf fyrir sjálfbæra framtíð – Faxaflóahafnir í Festu

Faxaflóahafnir hafa gengið í Festu – miðstöð um sjálfbærni, með það markmið að efla sjálfbærni í rekstri og læra af öðrum framsæknum fyrirtækjum. Með aðildinni vilja Faxaflóahafnir styrkja eigin umhverfis- og sjálfbærniaðgerðir og stuðla að aukinni vitund um sjálfbærni.

2025



HAFNIR Í UPPBYGGINGU

Framkvæmdir

Á árinu 2025 var unnið að ýmsum framkvæmdaverkefnum á svæðum Faxaflóahafna sem miðuðu að áframhaldandi uppbyggingu og bættri aðstöðu. Verkefnið fólust m.a. í endurbótum á mannvirkjum, uppbyggingu nýrra innviða og öðrum umbótaverkefnum sem stuðla að öruggari og skilvirkari starfsemi hafnanna. Með framkvæmdunum er unnið markvisst að þróun hafnarsvæðanna og að mæta breyttum þörfum viðskiptavina, umhverfis og samfélags.

Framkvæmdir við nýja farþega-miðstöð á Skarfabakka héldu áfram á

árinu. Framkvæmdum miðaði vel og voru þær á tímaáætlun. Burðarvirki hússins var risið á vormánuðum og í framhaldi var farið í að loka húsinu og vinna að innanhússfrágangi. Þegar skipakomum sumarsins lauk var hafist handa við framkvæmdir á lóðinni.

Áætlað er að verktaki skili af sér húsinu í mars 2026 og lóðinni í apríl sama ár. Eftir afhendingu hússins þurfa Faxaflóahafnir að koma fyrir öllum búnaði, húsgögnum og kerfum fyrir sumartímabilið þar sem áætlað er að taka á móti fyrsta skipinu í byrjun maí.

Á Akranesi var framkvæmd við aðalhafnargarðinn í fullum gangi þar sem m.a. var unnið við lagnavinnu og yfirborðsfrágang. Áætlað er að framkvæmdum ljúki í upphafi árs 2026.

Á Grundartanga voru tvö framkvæmdaverk unnin á árinu. Annars vegar var útbúið nýtt farmsvæði á baksvæði Tangabakka með nýju burðarlagi, frárennslislögnum, endurnýjaðri lýsingu og malbikuðu yfirborði. Hins vegar var farið í sameiginlegt verkefni við að útbúa nýtt svæði fyrir flæðigryfjur í samvinnu við Elkem og Norðurál. Þar var gerður nýr sjóvarnargarður til vesturs í framhaldi af þeim sem fyrir var. Framkvæmdum við þessi tvö verk lauk í lok árs 2025.

Áfram var haldið í endurnýjun lýsingar á svæðum félagsins þar sem lögð hefur verið áhersla á hafnarsvæðin og baksvæði þeirra. Endurnýjunin er liður í grænum skrefum félagsins en auk þess bætir hún verulega öryggi og vinnu-umhverfi þeirra sem á svæðunum starfa.

Hafin var vinna við undirbúning nýrra höfuðstöðva Faxaflóahafna. Unnið var að þarfagreiningu og staðarvali þar sem allir starfsmenn félagsins fengu möguleika á að taka þátt í vinnunni. Í framhaldi af þeirri vinnu er fyrirhugað að taka ákvörðun um útboðsform og bjóða verkefnið út á árinu 2026.

Undirbúningur og innkaup á sjálfsafgreiðslustöndum fyrir rafmagn og vatn fór fram á árinu. Tilgangur þeirra er að auka skilvirkni og þægindi viðskiptavina við afgreiðslu á rafmagni og vatni á svæðinu. Framkvæmdir við uppsetningu munu hefjast á árinu 2026 á fyrstu bökkunum.

Auk þessa eru mörg stærri og minni verkefni í undirbúningi, m.a. endurbætur á sjóvörnum við Örfirisey, dýpkun Viðeyjarsunds, lenging Sundabakka, aðkoma að Ægisgarði svo nokkur séu talin.



FARPEGAR

Vör: Ný farpegamiðstöð tekur á sig mynd

Á árinu 2025 héldu framkvæmdir við nýja fjölnota farpegamiðstöð á Skarfabakka áfram og opnaði miðstöðin í maí 2026. Miðstöðin, sem hlotið hefur nafnið Vör, markar tímamót í móttöku skemmtiferðaskipa á Íslandi og mun leysa af hólmi tímabundna og takmarkaða aðstöðu sem fyrir var. Með tilkomu hennar verður þjónusta við farþega verulega bætt og sterkari innviðir til staðar til að styðja við áframhaldandi vöxt í komum skemmtiferðaskipa.

Farpegamiðstöðin er hönnuð með það að markmiði að efla stöðu

Faxaflóahafna sem lykilskiptistöðvar skipafarþega í Norður-Atlantshafi, en sérstök áhersla er lögð á að fjölga svokölluðum skiptifarþegum sem hefja eða ljúka ferð sinni hérlandis; dvelja lengur í landinu og skapa aukin verðmæti fyrir samfélagið. Miðstöðin mun þannig gegna mikilvægu hlutverki í að styrkja tengingu Íslands við alþjóðlega ferðarþjónustu og auka samkeppnishæfni hafnarsvæðanna.

Húsið er fjölnota og mun nýtast allt árið um kring. Utan hefðbundins annatíma skemmtiferðaskipa, frá hausti fram á vor verður



6.025 nafnatillögur bárust frá 3.384 einstaklingum

Það vettvangur fjölbreyttra viðburða, ráðstefna og veislna. Samningur hefur verið gerður við Múlakaffi um rekstur veislu- og viðburðastarfsemi yfir vetrarmánuðina, og hafa viðtökur markaðarins verið mjög góðar.

Nafn miðstöðvarinnar, Vör, var valið í opinni nafnasamkeppni en þátttaka almennings var með eindæmum góð. Yfir sex þúsund tillögur að nafni bárust frá yfir þrjú þúsund þátttakendum sem er Íslandsmet fyrir slíkar nafnasamkeppnir. Nafnið Vör vísar til landingarstaðar við sjó og endurspeglar þannig bæði hlutverk hússins og tengingu þess við íslenska menningu og hafnarsögu. Með opnun miðstöðvarinnar verður stigið mikilvægt skref í uppbyggingu nútímalegrar og sveigjanlegrar aðstöðu fyrir móttöku farþega og fjölbreytta starfsemi á hafnarsvæðum Faxaflóa-hafna.



Öryggi í öndvegi

Hjá Faxaflóahöfnum er markvisst unnið að því að lágmarka áhættu í rekstri með það að markmiði að tryggja öryggi starfsfólks, farþegar og viðskiptavina. Stefna Faxaflóahafna er að enginn verði fyrir slysi í starfi hjá fyrirtækinu og áhersla er lögð á skráningu allra atvika.

Á árinu 2025 bárust alls 173 ábendingar, örlítið færri en árið 2024 þegar ábendingar voru 210. Töluverð fækkun varð á skráningum í flokki slysa eða úr 14 í 6 og einnig fækkaði skráningum um mengun örlítið eða úr 21 í 18.


Á árinu 2025 varð eitt minniháttar fjarveruslys þar sem fjarvera var einungis 2 dagar. Næstum slysum og skyndihjálparslysum fækkaði hins vegar töluvert eða samtals úr 14 í 4. Áhersla er lögð á að skrá öll atvik sem flokkast sem næstum slys, þar sem hver slík skráning felur í sér

mikilvæg tækifæri til að koma í veg fyrir alvarlegri atburði.


Skráning tjóna og óhappa sveiflast alla jafna á milli ára. Heildarfjöldi skráðra tjóna árið 2025 var meiri en árið á undan; 32 í stað 27 árið 2024. Helsta aukningin var í flokknum tjón á búnaði, úr 6 í 14.

Allar ábendingar sem flokkaðar eru sem meiriháttar fá efnislega umfjöllun. Unnið er að rannsókn, greiningu á orsökum og mótun fyrirbyggjandi aðgerða í kjölfar slíkra atvika.


Ábendingar - kvartanir 2024-2025



Vinnuvernd - slys 2024-2025



Tjón - óhöpp 2024-2025



Undirbúningur háspennutenginga á fullri ferð

Landtengingar eru lykilþáttur í rafvæðingu skemmtiferðaskipa á höfuðborgarsvæðinu og hannaðar til að draga verulega úr losun mengunar, hljóðmengun og notkun jarðefnaeldsneytis á meðan skip liggja við höfn.

Faxaflóahafnir gera ráð fyrir að tengja fyrstu skemmtiferðaskipin við landrafmagn sumarið 2028. Í ljósi þess hefur undirbúningur landtenginga á Sundabakka verið markvisst á árinu 2025. Áætlað er að setja upp tvær 12 MVA tengingar, annars vegar við VÖR og hins vegar við Skarfabakka, sem samlagt gefa 24 MVA aflgetu. Þetta mun gera hafnarsvæðinu kleift að þjónusta tvö stór skemmtiferðaskip samtímis með landrafmagni.

Aðveitustöð Veitna í Sægörðum

Til að landtengingar geti orðið að veruleika á þessu svæði hafa Veitur og Faxaflóahafnir gert með sér samkomulag um afhendingu afls á hafnarsvæðinu. Framkvæmdir við nýja aðveitustöð Veitna í Sægörðum teljast ein mikilvægasta framkvæmd orkuskipta á höfuðborgarsvæðinu næstu áratugi. Stöðin mun tryggja næga raforku fyrir hafnarsvæðið, fyrirtæki og skipaumferð og leggja traustan grunn að frekari rafvæðingu, bæði á sjó og landi..

Heildaraflgeta stöðvarinnar verður 60 MVA og mun hún bjóða upp á spennustig 132 kV, 33 kV og 11 kV. Aðveitustöðin mun tengja saman aukna orkuframleiðslu, nýtingu og flutning rafmagns um allt hafnarsvæðið.



Samstarf við SnerpaPower

Til að tryggja skilvirka og örugga nýtingu raforku í takt við vaxandi álag og ný verkefni, hófu Faxaflóahafnir samstarf við SnerpaPower um innleiðingu snjalls orkustýringarkerfis. Kerfið styður meðal annars við orkuskipti og þróun innviða með rauntímaspá um álag og notkun, auk betri yfirsýnar og stýringar á raforkukaupum.

Alþjóðlegt samstarf – aðild að EOPSA

Faxaflóahafnir styrktu enn frekar stöðu sína í orkuskiptum hafna með því að ganga í European Onshore Power Supply Association (EOPSA). Samtökin leiða þróun landtenginga í Evrópu og stuðla að þekkingarmiðlun milli hafna, orkufyrirtækja, nýsköpunaraðila og stjórnvalda. Aðildin fellur vel að framtíðarsýn Faxaflóahafna um að þróa snjallar, sjálfbærar og alþjóðlega tengdar hafnir sem efla samkeppnishæfni Íslands og styðja við græna framtíð.

Gagnadrifin stýring fyrir betri árangur í umhverfismálum

Umhverfismál eru órjúfanlegur hluti af starfsemi Faxaflóahafna og lykilþáttur í hlutverki fyrirtækisins sem rekstraraðila mikilvægra innviða. Unnið er markvisst að því að leita leiða til að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar, styðja við orkuskipti og skapa skilyrði fyrir sjálfbæra þróun hafnarreksturs í samræmi við stefnu Faxaflóahafna 2024–2030.

Loftslagsmál og orkuskipti

Áhersla er lögð á að ná fram samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá eigin starfsemi og styðja viðskiptavini hafnarinnar á sömu vegferð. Helsta áskorunin í að draga úr losun frá eigin starfsemi er notkun skipaeldsneytis, sem er stærsta uppspretta losunar. Undir lok árs 2025 hófst vinna við gerð flotastefnu og er gert ráð fyrir að niðurstöður hennar liggi fyrir á árinu 2026. Flotastefnan mun styðja við ákvarðanatöku um næstu skref í fjárfestingum í bátafloata, með áherslu á öryggi og samdrátt í losun.

Samhliða er lögð áhersla á að skapa aðstæður fyrir viðskiptavini hafnarinnar til að minnka losun sína. Áfram er unnið að undirbúningi og uppbyggingu landtenginga fyrir stærri skip, auk þess sem sjálfsafgreiðslustöðvum fyrir tengingu við rafmagn og vatn hefur verið fjölgað og er þeirri vinnu ekki lokið. Landtengingar eru jafnframt mikilvægur liður í undirbúningi hafnarinnar fyrir framtíðarkröfur og auknar væntingar samfélags og stjórnvalda um sjálfbærni í hafnarrekstri.

Gagnadrifin umhverfisstýring og hvatar

Faxaflóahafnir nota Environmental Port Index (EPI) til að meta umhverfisárangur skemmtiferðaskipa sem sækja hafnirnar heim. Með EPI er umhverfisárangur skipa metinn á gagnadrifinn hátt og notaður sem grunnur að hvötum sem stuðla að umhverfsvænni skiparekstri. Þessi nálgun eykur gagnsæi, styður við markmið um minni losun og styrkir stöðu Faxaflóahafna sem leiðandi, grænnar hafnar í Norður-Atlantshafi.

Vöktun, áhættustýring og stöðugar umbætur

Vöktun, greiningar og mælingar á lykilumhverfispáttum voru áfram undirstaða umhverfisstjórnunar á árinu. Fylgst var með loftgæðum, sjógæðum og öðrum þáttum sem geta haft áhrif á umhverfi, samfélag og rekstur. Niðurstöður eru nýttar við forgangsroðun aðgerða og stöðugar umbætur.

Samfélag, samstarf og framtíðarsýn

Á komandi árum verður áfram lögð áhersla á að efla umhverfisárangur Faxaflóahafna; styðja við orkuskipti í starfseminni og hjá viðskiptavinum, og tryggja þróun fyrirtækisins í takt við kröfur nútímans um ábyrgan og sjálfbæran hafnarekstur.





FAXI 101

2025

Ársreikningur
Faxaflóahafna sf.

Faxaflóahafnir sf:

Stjórn

Líf Magneudóttir, formaður
Hildur Björnsdóttir
Már Mátsson
Ragnheiður H. Magnúsdóttir
Guðm. Ingþór Guðjónsson
Helga Harðardóttir
Páll Brynjarsson

Varastjórn

Sanna Magdalena Mörtudóttir
Friðjón Friðjónsson
Íris Baldursdóttir
Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir
Andrea Ýr Arnarsdóttir
Ragnar B. Sæmundsson
Guðjón H. Guðmundsson

Hafnarstjóri

Gunnar Tryggvasson

Kjörnir endurskoðendur:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson

Skýrsla og áritun hafnarstjóra og hafnarstjórnar

Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnar-svæða á Akranesi, í Borgarnesi, á Grundartanga og í Reykjavík. Rekstur félagsins á árinu 2025 var í samræmi við samþykktu stefnu, fjárhagsáætlanir og lögbundið hlutverk hafnanna, sem mikilvægir innviðir fyrir atvinnulíf, samgöngur og þjónustu.

Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið 2024. Í stjórn félagsins sitja sjö stjórnarmenn; fjórar konur og þrjú karlar.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 1.594 mkr., samanborið við 1.651 mkr. árið áður. Eigið fé félagsins í lok árs var jákvætt um 20.115 mkr., en var 19.690 mkr. í upphafi árs. Úttekt eigenda er leidd út í samræmi við arðgreiðslu-stefnu sem samþykkt var af hafnarstjórn á 233. fundi stjórnar, þann 30. júní 2023 og að uppfylltum skilyrðum 3. gr. reglugerðar nr. 798/2009 um Faxaflóahafnir. Hafnarstjórn leggur til að á árinu 2026 verði úttekt vegna afkomu rekstrarársins 2025 til eigenda að fjárhæð 1.639 mkr. Að öðru leyti er vísað til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá félaginu á árinu um-reiknaður í heilsársstörf var 81, og námu launa-greiðslur félagsins 2.039 mkr.

Starfsemi Faxaflóahafna á árinu einkenndist af áframhaldandi miklum umsvifum, bæði hvað varðar vöruflutninga, þjónustu við skemmti-ferðaskip og sjávarútveg. Í framkvæmdum var lögð áhersla á uppbyggingu farþegaaðstöðu, hafnaraðstöðu, öryggi, umhverfismál og orku-skipti, í samræmi við langtímastefnu félagsins.

Þróun í starfsemi félagsins og markverðir atburðir

Rekstur ársins 2025 gekk vel og var í takt við áætlun. Þjónusta við skemmtiferðaskip heldur áfram að vaxa og farþegaskipti eru orðin stór hluti þjónustuframboðs félagsins. Tekjur vegna skemmtiferðaskipakomu voru um 26% af heildartekjum félagsins, þrátt fyrir samdrátt í komum skemmtiferðaskipa til landsins. Vöru-flutningar um höfnina voru í svipuðum mæli og árið áður, en aukning varð á tekjum félagsins af þeim með nýjum samningum við stóriðju. Vörugjöld eru áfram helsta tekjulind félagsins. Rekstrarstöðvun kerskála 2 hjá Norðuráli olli tekjumissi á síðustu mánuðum ársins.

Framkvæmdir við nýja farþegamiðstöð á Skarfa-bakka héldu áfram á árinu og gert er ráð fyrir að miðstöðin verði tekin í notkun fyrir sumarvertíð 2026. Miðstöðin veldur þáttaskilum í aðstöðu við móttöku ferðamanna og þjónustu við skemmti-ferðaskip og utan sumarvertíðar verður hún leigð út fyrir viðburðarhald. Gerður hefur verið leigusamningur til fimm ára við Múlakaffi vegna þessa.

Lenging aðalhafnargarðs í Akraneshöfn var næst-stærsta fjárfesting ársins 2024 en áætluð verk-lok eru vorið 2026. Á árinu var farið í hækkingu baksvæðis á Grundartanga, þar sem gámavöllur var útbúinn fyrir stóriðjuna.

Megináhætta og óvissuþættir

Rekstur Faxaflóahafna sf. er að verulegu leyti háður breytingum og þróun í efnahagslífi, bæði

innanlands og á alþjóðavísu. Hagsveiflur hafa áhrif á tekjumyndun félagsins, einkum þar sem vörugjöld af innflutningi eru veigamikil tekjulind. Samdráttur í efnahagsstarfsemi eða truflanir í alþjóðaviðskiptum geta því haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Áföll í ferðaþjónustu, hvort sem þau stafa af heimsviðburðum á borð við farsóttir, stríðsátök eða efnahagslega óvissu, geta einnig haft áhrif á rekstur félagsins.

Þjónusta við skemmtiferðaskip er orðin mikilvægur og vaxandi þáttur í starfsemi Faxaflóahafna, og breytingar á forsendum í þeirri grein geta haft áhrif á skipakomur og þar með tekjur. Breytingar á skattaumhverfi skemmtiferðaskipa, þar á meðal innviðagjöld og önnur opinber gjöld, geta haft áhrif á ákvörðun skipafélaga um viðkomu í íslenskum höfnum. Faxaflóahafnir sf. fylgjast náið með þessari þróun og meta reglulega áhrif hennar á rekstur og framtíðaráætlanir félagsins.

Áhrif stórra viðskiptavina á rekstur hafna geta jafnframt verið veruleg. Áfall sem varð í starfsemi Norðuráls síðla árs hefur áhrif á tekjur og nýtingu hafnaraðstöðu á svæðinu

Eigendur í upphafi og lok tímabilsins eru:

Reykjavíkurborg.....	75,5551%
Akraneskaupstaður.....	10,7793%
Hvalfjarðarsveit.....	9,3084%
Borgarbyggð.....	4,1356%
Skorradalshreppur	0,2216%

Ársreikningurinn sýnir að afkoma og fjárhagsstaða félagsins er sterk og að mati hafnarstjórnar og hafnarstjóra hafa ekki komið fram vísbendingar við undirritun ársreiknings að vafi kunni að leika á rekstrarhæfi félagsins.

Hafnarstjóri og hafnarstjórn staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. mars 2026

Stjórn

Líf Magneudóttir, formaður

Hildur Björnsdóttir

Már Másson

Ragnheiður H. Magnúsdóttir

Guðm. Ingbór Guðjónsson

Helga Harðardóttir

Páll Brynjarsson

Hafnarstjóri

Gunnar Tryggvasson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa félagsins Faxaflóahafnir sf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning félagsins Faxaflóahafnir sf. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og hafnarstjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrsla stjórnar og hafnarstjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og hafnarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og hafnarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og hafnarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og hafnarstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og hafnarstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi

við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitungu við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglegra tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar

sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber meðal annars skylda til að upplýsa stjórn um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Reykjavík, 20. mars 2026

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Theodór S. Sigurbergsson

löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Sala á vöru og þjónustu		6.985.162	6.463.389
Hagnaður af sölu fastafjármuna		5.817	5.652
		<u>6.990.980</u>	<u>6.469.041</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld.....	3	(2.039.112)	(1.844.596)
Rekstrarkostnaður.....		(2.548.183)	(2.396.490)
Afskriftir	5	(1.037.311)	(898.037)
		<u>(5.624.606)</u>	<u>(5.139.123)</u>
Hagnaður fyrir fjármagnsliði		<u>1.366.374</u>	<u>1.329.918</u>
Fjármagnsliðir			
Fjármunatekjur		235.513	306.108
Fjármagnsgjöld		(2.669)	(9.490)
Gengismunur		(611)	391
		<u>232.233</u>	<u>297.009</u>
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélagi		(4.141)	(8.851)
		<u>1.594.466</u>	<u>1.651.883</u>
	Hagnaður ársins	<u>1.594.466</u>	<u>1.651.883</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Fasteignir og lóðir.....		5.767.612	3.652.354
Hafnir og mannvirki.....		10.387.528	9.610.977
Gatnakerfi		531.977	558.886
Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki		1.085.587	1.224.321
		<u>17.772.704</u>	<u>15.046.537</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	6	65.271	70.100
		<u>65.271</u>	<u>70.100</u>
		<u>17.837.975</u>	<u>15.116.636</u>
Fastafjármunir			
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur		256.951	414.566
Næsta árs afborganir langtímakrafna.....		0	12.029
		<u>256.951</u>	<u>414.566</u>
Handbærtfé			
Sjóður og bankainnistæður		2.833.402	4.821.279
		<u>3.090.353</u>	<u>5.247.874</u>
		<u>20.928.328</u>	<u>20.364.510</u>
Eignir samtals			
Eigið fé og skuldir			
Óráðstafað eigið fé		20.115.999	19.690.533
		<u>20.115.999</u>	<u>19.690.533</u>
	7		
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.....		812.329	673.977
		<u>812.329</u>	<u>673.977</u>
		<u>20.928.328</u>	<u>20.364.510</u>
Eigið fé og skuldir alls			
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings	8	0	0

Sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		1.594.466	1.651.883
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	1.037.311	898.037
Sölutap (hagnaður)		(12.600)	(39.460)
Verðbætur á skuldabréfaeign		0	(2.706)
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga		4.141	8.851
		2.623.318	2.516.605
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		157.615	(65.455)
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun)		138.351	114.009
		295.966	48.554
		<u>2.919.285</u>	<u>2.565.160</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum		(3.766.862)	(1.782.960)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		8.300	13.300
Lóðaúthlutun		6.783	33.807
Breyting á eignahlutum		1.589	0
Afborganir langtímakrafna		12.029	25.154
		<u>(3.738.161)</u>	<u>(1.710.698)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Úttekt eigenda		(1.169.000)	(84.000)
		<u>(1.169.000)</u>	<u>(84.000)</u>
		<u>(1.987.877)</u>	<u>770.461</u>
Hækkun á handbæru fé			
Handbært fé í ársbyrjun		4.821.279	4.050.817
Handbært fé í lok árs		2.833.402	4.821.279

Skýringar

1. Starfsemi

Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarsvæða á Akranesi, í Borgarnesi, á Grundartanga og í Reykjavík. Félagið er með aðalstarfsstöð í Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferð og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum. Ársreikningurinn er hluti af samstæðuársreikningi Reykjavíkurborgar. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Verðlags- og gengisviðmið

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í ársreikninginn. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2026. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi Seðlabanka Íslands í lok árs 2025. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

Skráning tekna

Tekjur af leigu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Eignatekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Tekjur af leigu og þjónustu eru framsettar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Skattamál

Félagið er undanþegið tekjuskattskyldu og hafnarsjóðir eru undanþegnir hvers konar sköttum af hafnar-mannvirkjum.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar í félögum, öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Eignarhlutar í dóttur- og hlutdeildarfélögum

Eignarhlutar í félögum eru metnir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni. Eignarhlutar í dótturfélögum eru ekki færðir m.v. hlutdeildaraðferð og ekki gerð samstæða þar sem áhrif félaganna eru óveruleg.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Í rekstrarreikningi ársins eru gjaldfærðar 2,8 millj. kr. vegna hækkunar niðurfærslu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2025	2024
Laun.....	1.525.599	1.464.976
Lífeyrissjóðsgjöld	319.940	217.896
Önnur launatengd gjöld	197.443	176.256
Eignfærður launakostnaður	(3.871)	(14.532)
Laun og launatengd gjöld	2.039.112	1.844.596
Launagreiðslur til stjórnenda félagsins::		
Laun til stjórnar og hafnarstjóra	<u>66.515</u>	<u>65.504</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	<u>81,6</u>	<u>77,6</u>

Á árinu var gjaldfærð óframkomin lífeyrisskuldbinding vegna eldri starfsmanna 95 m.kr.

4. Niðurfærsla viðskiptakrafna

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum og nemur niðurfærslan 9,5 millj.kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi. Niðurfærsla krafna greinist þannig:

	2025	2024
Niðurfærsla í ársbyrjun.....	8.352	25.641
Tapaðar kröfur á árinu.....	(1.604)	(2.176)
Gjaldfærð (tekjufærð) niðurfærsla á árinu.....	2.799	(15.133)
Niðurfærsla í árslok	9.547	8.352

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	FASTEIGNIR OG LÓÐIR	HAFNIR OG MANNVIRKI	GATNAKERFI	BÍLAR, BÁTAR OG TÆKI	SAMTALS
Heildarverð 1.1.2025.....	8.269.092	22.820.735	1.252.559	2.911.317	35.253.704
Afskrifað áður.....	(4.616.738)	(13.209.759)	(693.674)	(1.686.997)	(20.207.167)
Bókfært verð 1.1.2025	3.652.354	9.610.977	558.886	1.224.321	15.046.537
Viðbót á árinu.....	2.273.031	1.380.923	11.848	2.101.060	3.766.862
Selt og niðurlagt (stofnverð).....	0	0	0	(14.848)	(14.848)
Selt og niðurlagt (afskriftir).....	0	0	0	11.464	11.464
Afskrifað á árinu	(157.773)	(604.372)	(38.757)	(236.410)	(1.037.311)
Bókfært verð 31.12.2025	5.767.612	10.387.528	531.977	1.085.587	17.772.704
Heildarverð 31.12.2025	10.542.122	24.201.659	1.264.408	2.997.530	39.005.718
Afskrifað áður.....	(4.774.510)	(13.814.131)	(732.430)	(1.911.943)	(21.233.014)
Bókfært verð 31.12.2025	5.767.612	10.387.528	531.977	1.085.587	17.772.704
Afskriftahlutföll	2,5-4%	4-10%	4%	10-20%	
Áætlaður nýtingartími.....	25-40 ár	10-25 ár	25 ár	5-10 ár	

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins greinist þannig:

	FASTEIGNAMAT 31.12.2025	VÁTRYGGINGAMAT 31.12.2025
Fasteignir	7.520.110	13.497.025
Lóðir	52.403.573	0
Bátar	0	1.596.000
Aðrir, varanlegir rekstrarfjármunir	0	355.516
	59.923.683	15.448.541

6. Eignarhlutar í félögum

Hlutabréf í eigu félagsins Faxaflóahafnir sf. greinast þannig:

	EIGNARHLUTUR	NAFNVERÐ	BÓKFÆRT VERÐ
Halakot ehf., Reykjavík.....	100%	2.000	515
Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar sf., Akranesi.....	50%	25.500	63.880
Próunarfélag Grundartanga ehf., Grundartanga.....	17%	750	876
		<u>28.250</u>	<u>65.271</u>

Hlutur félagsins í Aflvaka ehf. var seldur á árinu.

Faxaflóahafnir sf. er helmingseigandi að Vatnsveitu Hvalfjarðarsveitar sf., en tilgangur félagsins er öflun vatns vegna starfsemi á Grundartanga og í svonefndu Hagamelshverfi. Skuldbindingar Vatnsveitu Hvalfjarðarsveitar í árslok nema um 0,7 millj.kr. Faxaflóahafnir bera beina, óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

7. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2025	2024
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs.....	19.690.533	18.122.649
Úttekt eigenda	(1.169.000)	(84.000)
Hagnaður ársins	1.594.466	1.651.883
Eigið fé í lok tímabils	<u>20.115.999</u>	<u>19.690.533</u>

8. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Aðrar skammtímaskuldir

Skuldbindingar vegna verksamninga sem ólokið er um áramótin námu um 585 millj. kr. í árslok 2025.

Húsaleiguskuldbinding

Félagið er með húsnæði á leigu. Samningurinn er ótímabundinn en gagnkvæmur uppsagnarfrestur er sex mánuðir. Skuldbinding vegna hans nemur 36,9 millj.kr. í árslok.

9. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengd félög árið 2025:

	KEYPT ÞJÓNUSTA LEIGA OG VÖRUR	SELD ÞJÓNUSTA LEIGA OG VÖRUR	KRÖFUR	SKULDIR
Reykjavíkurborg	22.317.825	1.250.986	2.533.644	33.486.019
Systurfélög.....	(12.649.589)	(649.165)	(1.317.863)	(19.316.758)
Aðrir tengdir aðilar	9.668.236	601.820	1.215.781	14.169.262
	<u>19.336.473</u>	<u>1.203.641</u>	<u>2.431.562</u>	<u>28.338.524</u>

10. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til ytri endurskoðenda félagsins á árinu 2025 nam 5,9 millj. kr. (2024 5,2 millj.kr.).

Sundurliðanir ársins 2025

11. Sala vöru og þjónustu

	2025	2024
Vörugjöld	1.881.859	1.648.308
Aflagjöld	247.584	257.008
Skipagjöld	1.001.810	970.544
Farþegagjald	154.629	133.465
Eignatekjur	1.440.138	1.382.744
Hafnarþjónusta	1.739.932	1.377.555
Siglingavernd	513.872	693.764
Aðrar tekjur	11.155	0
Sala vöru og þjónustu	6.990.980	6.463.389

12. Laun og tengd gjöld

Laun	1.071.763	989.628
Yfirvinna	264.941	292.425
Vaktaálag	176.288	167.563
Bílastyrkur og greiddur akstur	12.607	15.361
Dagpeningar	3.951	3.220
Fæðispeningar	12.044	9.744
Tryggingagjald	111.168	107.513
Lífeyrissjóðsgjöld	319.940	217.896
Önnur launatengd gjöld	65.222	51.300
Eignfærður launakostnaður	(3.871)	(14.532)
Styrkir og framlög til starfsmanna	5.059	4.479
Laun og tengd gjöld	2.039.112	1.844.596

Rekstrarkostnaður

13. Starfsmannatengdur kostnaður

Námskeið og ráðstefnur	25.164	18.971
Vinnufatnaður	5.160	4.954
Slysatryggingar	6.717	9.059
Annar starfsmannakostnaður	41.042	42.273
Starfsmannatengdur kostnaður	78.084	75.256

14. Vörur og aðkeypt þjónusta

	2025	2024
Vörur og þjónusta	400.680	410.342
Áhöld og tæki	18.179	10.232
Verktakaþjónusta	348.845	396.126
Öryggisþjónusta	558.433	399.451
Rafmagn til endursölu	96.920	113.443
Aðkeyptur akstur	71.794	81.409
Sorp, förgun, úrgangur	38.494	27.829
Vörur og aðkeypt þjónusta	1.533.345	1.438.833

15. Húsnæði í útleigu

Rafmagn og kalt og heitt vatn	39.254	31.202
Viðhald og viðgerðir	31.318	113.337
Skattar og tryggingar	101.252	86.458
Húsnæði í útleigu	171.824	230.997

16. Bílar, bátar og vinnuvélar

Bensín, olíur og aðrir orkugjafar	62.096	57.428
Skattar og tryggingar	14.197	12.147
Viðhald og viðgerðir	42.611	62.497
Bílar, bátar og vinnuvélar	118.903	132.072

17. Skrifstofa og stjórnun

Skrifstofuvörur	17.374	19.834
Hreinlætisvörur og þrif	20.683	27.086
Rekstur kaffistofu	10.188	11.292
Ferðakostnaður	14.866	11.216
Rekstur bifreiða	1.705	1.523
Fundarkostnaður	2.864	3.887
Félags- og aðildagjöld	14.717	11.036
Upplýsingatæknikostnaður	149.881	103.888
Skattar og tryggingar	14.388	30.456
Annar stjórnunarkostnaður	1.604	(11.638)
Skrifstofa og stjórnun	248.269	208.580

18. Húsnæði í eigin notkun


	2025	2024
Húsaleiga	72.398	70.656
Rafmagn og kalt og heitt vatn.....	23.279	20.852
Viðhald og viðgerðir	71.580	25.896
Skattar og tryggingar	22.811	27.095
Húsnæði í eigin notkun	190.068	144.499

19. Kynningamál

Auglýsingar	4.299	2.640
Markaðsmál	45.691	28.192
Ráðstefnur	4.280	4.696
Styrkir og framlög	22.183	29.300
Kynningarmál	76.453	64.827

20. Sérfræðiþjónusta

Rannsóknir og mengunarvarnir	13.036	9.285
Ýmis sérfræðiþjónusta	87.158	60.689
Reikningsleg aðstoð	5.865	7.622
Lögfræðiaðstoð	25.178	23.831
Sérfræðiþjónusta	131.237	101.427



2025